Vaskhugi
ALHLIÐA
VIÐSKIPTAHUGBÚNAÐUR
Fjárhagsbókhald
Sölukerfi
Viðskiptamanna kerfi
Birgðakerfi
Tilboðskerfi
Verkefna- og pantanakerfi
Launakerfi
Tollakerfi
Vaskhugi ehf. Síðumúla 15 - Sími 568-2680

OSO
hitakútar
úr ryðfríu stáli
Frábær ending!
ISO 9002
Eini hitakúturinn á markaðnum úr ryðfríu stáli!
30 ára frábær reynsla á þúsundum íslenskra heimila
● 30/50/100/120/200 eða 300 lítra
● Blöndunar- og öryggisloki fylgir
● 20% orkusparnaður
● Hagstætt verð
Einar Farestveit & Co. hf.
Borgartúni 28, ☎ 562 2901
www.ef.is

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

DAÐI GUÐBJÖRNSSON

Veggur af list

Á KJARVALSSTÖÐUM er nú í gangi athyglisvert og nýstárlegt verkefni þar sem gestum gefst kostur á því að sjá listamenn að störfum og fylgjast með því hvernig stórt listaverk verður til. Þetta er gert með því að taka miðrýmið í safninu undir og úthluta það einum listamanni í senn til afnota og vinnur hann verk beint inn í rýmið. Hlynur Hallsson reið á vaðið í janúar og skrifaði á veggina dagbók fjölskyldu sinnar með myndum og ýmsum textum. Síðan tók Daði Guðbjörnsson við og málaði mynd á stóra vegginn í rýminu, en hann er þrír og hálfur metri á hæð og tuttugu og fjögurra metra langur – langstærsti flötur sem Daði hefur nokkurn tímann tekist á við.

Þessar sýningar eru þess eðlis að verk verður til smátt og smátt og þegar það hefur verið klárað er málað yfir það og næsti listamaður tekur við auðum fleti. Þannig er athyglinni beint fyrst og fremst að sköpunarferlinu sjálfu og hið fullbúna verk eyðilagt um leið og lifir ekki nema í minningunni og á ljósmyndum sem af því kunna að vera teknar. Það er ferlið sem skiptir hér mestu máli og nálægð áhorfandans við listamanninn og þann hátt sem hann hefur á listsköpun sinni. Hið geysistóra málverk Daða sameinar nokkur minni sem hann hefur áður fengist við í eina stóra heild. Frá hliðunum málaði hann gríðarmikla gráa fleyga sem tákna annars vegar götu og hins vegar múrvegg. Í kringum þessa fleyga og á milli þeirra hefur Daði svo málað flúr eins og hann er löngu orðinn þekktur fyrir, spírala, blómmynstur og litríkt skraut. Fyrir miðri myndinni rís svo hið margræða tákn sem áhorfendur kannast við úr mörgum málverka hans, en það virðist í senn vera harpa og hjarta, eða jafnvel einhvers konar tákn um samruna tveggja helminga, samhverfing sem gæti vísað til lífsins sjálfs eða listarinnar. Líkt og önnur verk Daða virðist þessi mynd fyrst og fremst verka sem eins konar gleðióður, litríkt og leikandi fagnaðarljóð til lífsins. En gráu fletirnir tveir vekja þó grunsemdir um að fleira búi undir og að listamaðurinn vilji líka minna á dekkri hliðar lífsins, erfiðleikana sem allir þurfa að takast á við og yfirvinna ef lífið á að fá notið sín. Þessi margræðni gerir myndina ágengari og áhugaverðari.

Þetta óvenjulega verkefni á Kjarvalsstöðum er vel til fundið og spennandi að fá að fylgjast með ólíkum listamönnum takast á við það. Næst í röðinni er Katrín Sigurðardóttir, en alls munu sex listamenn taka þátt í verkefninu sem lýkur ekki fyrr en 18. maí í vor.

Jón Proppé

Katrín málar yfir verk Daða á Kjarvalsstöðum

KATRÍN Sigurðardóttir er þriðji af sex listamönnum sem tekur þátt í verkefninu Veg(g)ir á Kjarvalsstöðum. Daði Guðbjörnsson var annar og lýkur sýningu á verki hans í dag, fimmtudag, og mun hann kynna verk sitt og hugleiðingar um það, en listamaðurinn hefur unnið verkið á 24 metra langan vegg sl. þrjár vikur. Við sama tækifæri mun Katrín Sigurðardóttir kynna hugmyndir sínar og áætlanir varðandi sinn þátt í verkinu.

Listamennirnir sem taka þátt í verkefninu eru listamenn af ólíkum kynslóðum sem hafa starfað í ólíkum miðlum og endurspegla þannig að nokkru fjölbreytnina í núverandi stöðu myndlistar. Að loknu sérhverju sýningartímabili verður framlag hvers listamanns fjarlægt eða hulið á bak við nýtt lag af málningu sem um leið verður undirlag þess sem næst kemur á vegginn.

Í yfirlýsingu Katrínar vegna verkefnisins segir m.a.: „Veggir Kjarvalsstaða eru ýmist úr steini eða gleri. Efnisgerð þeirra og rýmisgerð hússins í heild er að mörgu leyti lýsandi fyrir tvíþætt hlutverk „borgarlistasafns" sem stofnunar: – Glerið, gagnsætt og létt, er táknrænt fyrir safnið sem glugga útí félagslegt rými borgarinnar; list og menning staðar og stundar flæða þar í gegn eins og ljós í gegnum gler. – Steinninn, þykkur og þungur, minnir á varnarvirki, jafnvel grafhvelfingu, sem í þessu tilviki varðveitir menningu, frystir hana í tímalausu og vernduðu umhverfi. Sjaldnast er jafnvægi á milli þessara gilda fullkomið. Mig langar að gera þessa byggingu ennþá gagnsærri en hún er nú þegar af hendi húsameistara. Ég legg upp með einfalda hugmynd á þessum tilraunavegg. Mig langar að gera þennan vegg að eins konar spegli fyrir það sem er handan hans, þannig að það sem hann skilur okkur frá – bókasafnið hinumegin, bílaplanið, Flókagatan, Hlemmur, Borgartúnið – varpast hér inn til áhorfandans."

Næsti listamaður verður Ráðhildur Ingadóttir og tekur hún við veggnum 16. mars.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Daði leggur lokahönd á verk sitt á vegg Kjarvalsstaða. Það verður afmáð í dag og veggurinn undirbúinn fyrir verk Katrínar Sigurðardóttur.

M-2000

Fimmtudagur 24. febrúar
Hægan Elektra
Þjóðleikhúsið kl. 20:00
Frumsýning á nýju leikverki eftir Hrafnhildi Hagalín.
Í verkinu tekst Hrafnhildur Hagalín m.a. á við leikhúsið sjálft og tengsl lífsins og listarinnar. Þetta er fyrsta leikrit Hrafnhildar eftir að hún hlaut Norrænu leikskáldaverðlaunin fyrir leikritsitt: Ég er meistarinn. Með aðalhlutverk fara Edda Heiðrún Backman og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir en leikstjóri er Viðar Eggertsson.

Félagsstarf SÁÁ
Grandagarði 8, 3.h.
(Gamla Bæjarútgerðin)
Félagsvist
Alla laugardaga
26. febrúar til 27. maí (utan 6. maí) kl. 20:00
Bridge
Alla sunnudaga 27. febrúar - 28. maí kl. 19:30
Skák
Þeir sem hafa áhuga á að tefla á sunnudögum hafi samband við Tómas í síma 899 9030
Kaffihús
Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 19:00
Dansnámskeið á þriðjudagskvöldum
Fimm kvölda dansnámskeið hefst 7. mars kl. 20.
Létt sveifla og léttir dansar. 700 kr. á kvöldi. Skráning hjá Hilmari í síma 892 9831. Ekki bara fyrir pör heldur líka staka einstaklinga.
● Heyrst hefur að gamlir Staðarfellsmenn vilji aðir halda dansleik
● Að Sogn og Víkurfólk ætli ekki að láta sitt eftir liggja
● Að unga fólkið hugsi sér hraustlega til hreyfings
● Að verið sé að undirbúa veglega Álfahátíð 6. maí
● Að verið sé að undirbúa „fótbolti gegn fíkniefnum"
Allir þeir sem vilja láta gott af sér leiða og hjálpa til, hafi samband við Þorleif í síma 896 2181 eða Tómas í síma 899 9030.

Sýningum lýkur

Slunkaríki – Ísafirði

Sýningunni Ummyndum lýkur á sunnudag. Þar lýsa níu íslenskir listfræðingar og gagnrýnendur myndverkum íslenskra og erlendra listamanna sem þeir hafa valið af þessu tilefni. Þetta eru þau Aðalsteinn Ingólfsson, Auður Ólafsdóttir, Elísa B. Þorsteinsdóttir, Halldór Björn Runólfsson, Hannes Sigurðsson, Hrafnhildur Schram, Jón Proppé, Kristín Guðnadóttir og Laufey Helgadóttir.

Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga kl. 16–18.

Kjarvalsstaðir

Sýningunni Rauðvik – málverk í og utan fókuss, lýkur nú á sunnudag. Sýningin er samsýning á verkum þeirra Claus Egemose, Johan van Oord, Tuma Magnússonar og Ninu Roos. Sýningin er samvinnuverkefni Trapholt-safnsins í Kolding í Danmörku, Kunsthalle Helsinki í Finnlandi, Listasafns Reykjavíkur og Centrum Beeldende Kunst í Rotterdam í Hollandi, en þagað fer sýningin eftir að henni lýkur á Kjarvalsstöðum. Leiðsögn um sýningar safnsins er alla sunnudaga kl. 16. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 10–18.

Gallerí Stöðlakot

Sýningu Vytantas Narbutas lýkur nú á sunnudag. Galleríið er opið daglega kl. 15-18.